

krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lög-  
birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að  
lögum.

Mánudaginn hinn 29. ágústmán.

Nr. 29/1898:

Hið opinbera  
gegn

P. Herlofson.

### D ó m u r:

Hinn kærði, konsúll P. Herlofson, sem er eigandi að hvalveiðastöð á Dvergasteini í Álptafirði vestra, og búsettur þar, er í máli þessu sakadur um brot gegn 2. og 3. gr. í opnu brjefi 7. marz 1787, sbr. tilsk. 13. júní 1787 I, 2. og 10. gr., fyrir að hafa notað norsk skip til hvalaveiða hjer við land frá nefndri hvalaveiðastöð sinni, en með lögreglurjettardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 2. desembrmán. f. á., var Herlofson dæmdur sýkn af kæru hins opinbera í málinu og málskostnaður lagður á almannaþje. Dómi þessum hefur hlutadeigandi amtmaður skotið til yfir dómsins.

Með eigin játningu hins kærða er það löglega sannað, að hann notaði við og við síðastliðið sumar 2 gufuskip norsk, er hann hafði leigt til vöruflutninga milli landa, til að draga heim að hvalveiðastöðinni hvali, er hinir islenzku hvalaveiðabátar hans höfðu skotið og náð, og sóktu skipin hvalina sumpart til tjárða og hafna norð-

anlands, þar sem hvalaveiðabátarnir lögðu þeim til bráðabirgða fyrir festum, til þess að þeir biðu þar flutnings til stöðvarinnar, en sumpart tóku skipin við hvölunum úti í hafi af hvalveiðabátunum, eptir að þeir voru unnir þar og festir við bátana. Var tilgangurinn með þessari notkun skipanna, að aðskilja með þessu flutningsstarfið á hvölunum heim til hvalveiðastöðvarinnar sem mest frá hinni eiginlegu veiði eða hvaldrápinu, sem hvalveiðabátarnir höfðu á hendi, svo að þeir gætu haldið sig sem lengst að veiðinni og þyrftu eigi að tefjast frá henni við heimflutninginn. Hinn kærði hefur haldið því fram til varnar sjer, að starfsemi hinna útlendu (norsku) skipa, sem að framan ræðir um, sje að eins að skoða sem annan vöruflutning, þar sem þau að eins flytji til hvalveiðastöðvarinnar hvali þá, er búið sje að veiða, og komnir sjeu að fullu á vald og í varðveizlu hvalveiðabátanna íslenzku, og geti því ekki verið um neinn veiðiskap að ræða af hálfu þessara flutningsskipa, enda hafi þau engin tæki eða útbúnað til hvalaveiða. Svo hefur hann og haldið því fram, að vafasamt mundi, hvort ákvæði laganna um fiskiveiðar og bannið gegn fiskiveiðum í landhelgi næði til hvalaveiða.

Með tilskipun 13. júní 1787, um verzlun og siglingar á Íslandi, I. kap. 10. gr., sbr. op. br. 7. marz 1787, 2. og 3. gr., er þegnum konungs boðið að nota að eins innlend skip til fiskiveiða við Ísland, og er enginn efi á því, að hvalaveiðar töldust í lögunum í þessu sambandi til fiskiveiða, enda hefur ávallt verið svo álitid. Hinn kærði, sem

eins og áður er sagt, er búsettur á Dvergasteini við Álptafjörð og rekur þaðan hvalaveiðar hjer við land, hefur nú, með því að láta útlend (norsk) skip aðstoda hvalaveiðabáta sína á framangreindan hátt, notað útlend skip til hvalaveiðanna, því að þeim var ekki lokið, eins og hjer stóð á, í laganna skilningi, fyr en veiðin var komin heim á veiðistöðina. Kærði hefur því brotið gegn tjeðu lagabanni, og verður hann að sæta sekt fyrir brot sitt, er, í líkingu við aðrar hegningarákvarðanir laganna, ákveðst 100 krónur og renni í hlutaðeigandi fátækra sjóð. Svo ber og kærða að greiða kostnað málsins bæði í hjeráði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeráði hefur verið vitalaus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærði P. Herlofson greiði 100 krónur í sekt til hlutaðeigandi fátækra sjóðs og allan af máli þessu bæði í hjeráði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.